

Reglur um húsnæði vinnustaða

Í reglunum merkir **vinnustaður** það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis, sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu, og hvern þann stað annan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.

Áður en nýtt hús er byggt, tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi, sem reglur þessar taka til, ber að leita umsagnar Vinnueftirlitsins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við reglur.



Í reglunum er m.a. ákvæði um eftirfarandi atriði:

- ▲ Hugtakið vinnurými
- ▲ Stillanleika búnaðar sem notaður er við vinnu
- ▲ Kröfur um glugga og dagsbirtu
- ▲ Neyðarlýsingu
- ▲ Hreinsun lofthreinsibúnaðar
- ▲ Kaffi- og matstofur
- ▲ Útgönguleiðir og neyðarútganga
- ▲ Hvíldaraðstöðu og sjúkrastofur
- ▲ Umferðarleiðir, hættusvæði fyrir fótgangandi
- ▲ Vinnustaði utanhúss, t.d. varðandi lýsingu o.fl.
- ▲ Skipulag vinnustaða vegna fatlaðra starfsmanna
- ▲ Ræstiklefa
- ▲ Hurðir, öryggisbúnað stórra hurða

Uppfyllir þinn vinnustaður reglur um húsnæði vinnustaða?

Húsnæði vinnustaða skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi.

Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er.

Minnsta stærð vinnuherbergis, sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags, skal vera 7m².

Sérhver starfsmaður skal að jafnaði geta notið 12m³ loftrýmis við störf sín.

Kaffi- eða matstofa skal vera í sérstöku rými sem ekki er notað í öðrum ósamræmanlegum tilgangi.

Reglurnar (nr. 581/1995) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is